



Fundargerð 3. fundar notendahóps ferðaþjónustunnar

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands þriðjudaginn 19. september 2017 milli 10:00 og 11:30.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Fyrirtæki/ stofnun
Helga Kristjánsdóttir	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
María Reynisdóttir	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Arnar Guðmundsson	Íslandsstofa
Þórný Barðadóttir	Rannsóknamiðstöð ferðamála
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Helga Árnadóttir	Samtök ferðaþjónustunnar
Vilborg H. Júlíusdóttir	Samtök ferðaþjónustunnar

Fulltrúum frá Icelandair, Höldi, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankanum, Stjórnstöð ferðamála, Ferðamálastofu, Samtökum iðnaðarins og Háskóla Íslands (ferðamálafræði) var einnig boðið á fundinn.

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Alina Kerul	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri – Utanríkisverslun
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri – Fyrirtækjasvið
Gísli Már Gíslason	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Gunnar Axel Axelsson	Deildarstjóri – Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál
Hjörvar Pétursson	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri – Fyrirtækjatölfræði
Pálmar Þorsteinsson	Sérfræðingur – Þjóðhagsreikningar
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri
Sigrún Halldórsdóttir	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Svanhvít Eggertsdóttir	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Inngangsorð fundarstjóra
2. Umbótahugmyndir
3. Forgangsröðun

Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð þátttakendur velkomna og sagði í stuttu máli frá stöðutökufundi sem var 23. maí síðastliðinn, en þá var öllum notendahópum Hagstofunnar boðið að koma og heyra hvað Hagstofan hefur gert til að bæta þjónustu. Þeir sem ekki komust á þann fund er bent á ágætis fundargerð sem er að finna á <https://www.hagstofa.is/um-hagstofuna/samstarf-vid-notendur/>. Fundarstjóri nefndi nokkur dæmi um umbætur sem gerðar hafa verið í framhaldi af notendafundum:

- Breytum hefur verið fjölgað í ferðaþjónustureikningum
- Hlutfall ferðaþjónustu í vergri landsframléiðslu 2015 verður birt 25. september næstkomandi
- Hagtölur hafa verið meira sundurliðaðar á landshluta, t.d. í gistinguáttatölfræði.
- Lýsigögn í ferðamálatölfræði hafa verið bætt

Fundarstjóri sagði jafnframt frá því að Hagstofan mun framkvæma spurningakönnun meðal félaga í Félagi leiðsögumanna til að átta sig betur á þörfum þeirra og væntingum varðandi hagtolur og þjónustu Hagstofunnar.

2. Spurt var „Hvað þarf Hagstofan að bæta?“. Þátttakendur (notendur) svöruðu með því að skrifa umbótahugmyndir á miða sem síðan voru flokkaðir saman

3. Hvert fyrirtæki (samtök etc.) fékk 8 punkta til forgangsroðunar. Punktunum mátti úthluta að vild á flokkana sem fengust úr dagskrárlið 2. T.d. mátti setja alla punktana á sama flokkinn eða dreifa þeim að vild. Þeim fleiri punktar þeim mikilvægari er viðkomandi umbótahugmynd.

Niðurstöður úr dagskrárliðum 2 og 3 má sjá hér að neðan. Tölurnar í sviga er fjöldi stiga (punkta) sem hver flokkur fékk.

(7) Niðurbrot á ferðaþjónustuvörur (Fjöldi þjónustuaðila annarra en gisting, t.d. afþreying og söfn – Skipta upplýsingum um hótél og veitingastaði upp).

(7) Aukinn tímanleiki ferðaþjónustureikninga (Hluti í GDP – Útgjöld ferðamanna sundurliðuð á ferðahópa, t.d. erlendir og innlendir ferðamenn – Heildarumsvif ferðaþjónustunnar).

(6) Hluttur í fjárfestingu (Gistirými í pípunum, áætlun sbr. skýrslur bankanna).

(6) Aukið niðurbrot á svæði (Gistinætur niður á póstnúmer – Starfatölfræði – Skattur – Airbnb).

(5) Öflun upplýsinga um farþega og áhafnir skemmtiferðaskipa [umfram fjöldatölur].

(3) Birta ferðaþjónustugögn fyrr.

(2) Bæta lýsigögn um staðvirðingu.

(1) Umsvif erlendra fyrirtækja á Íslandi, t.d. í gegnum Norrænu.

(1) Fjárfestingar, framléiðni, arðsemi.

(1) Vinnumarkaðstölfræði (Laun í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar – Könnun á lausum störfum – Fjöldi starfandi í ferðaþjónustu sem eru erlendir ríkisborgarar – Heildarfjöldi stöðugilda + eftir landshlutum).

(0) Samtala fjöldi ferðamanna flug + skip [þeir sem koma í land af skipum].

- (0) Ferðapjónustan betur sundurliðuð í uppgjöri hins opinbera (Heildartekjur sveitarfélaga af ferðapjónustunni, t.d. útsvar og gjaldtaka).
- (0) Valdir liðir vöru- og þjónustu-viðskipta (Tengja við eldri gögn – Fast verðlag).
- (0) Bæta viðmót (Gagnvirkni: Vista „þínar leit“ (fækka smellum) – Einfalda skammtíma-hagvísa með því að hafa þá á einum stað á vef Hagstofunnar – Liggur stundum djúpt á tölum (margir smellir)).
- (0) Myndrænni framsetning (Myndrænt mælaborð lykilgagna, hægt að vísa í beint af vefjum o.s.frv.).

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.